



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 7. janúar 2021

2101008SA KB/bg
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna áhrifa kórónaveirufaraldursins á sveitarfélög, mál nr. S-279/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 23. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreind drög að frumvarpi. Umsögn þessi er samin í samráði við Lánasjóð sveitarfélaga ohf.

Frumvarpið hefur verið samið í samráði við sambandið og Lánasjóð sveitarfélaga ohf. og felur frumvarpið í sér breytingar til að gera sveitarfélögum betur kleift að takast á við afleiðingar Covid-19 faraldursins. Um er að ræða breytingar í fjórum liðum er snúa að fjármálareglum sveitarfélaga, ákvæðum sveitarstjórnarlaga um neyðarástand, innheimtu fasteignagjalda og auknar heimildir Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til að lána sveitarfélögum vegna rekstrarhalla.

Fjármál sveitarfélaga

Í mars sl. samþykkti Alþingi breytingar á sveitarstjórnarlögum er heimilar sveitarfélögum að víkja frá skulda- og jafnvægisreglu 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga til ársins 2022 og nú er lagt til að framlengja þá heimild til ársins 2025. Einnig er lögfest heimild Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til að veita lán til að mæta rekstrarhalla sveitarfélaga vegna kórónuveirufaraldursins. Er um mikilvægar lagabreytingar að ræða er gefa sveitarfélögum aukið svigrúm til að verja íbúa sveitarfélaga gegn neikvæðum áhrifum kórónaveirufaraldursins á starfsemi sveitarfélaga.

Aukið svigrúm við innheimtu fasteignagjalda

Lagt er til að lögveðsréttur fasteignagjalda verði lengdur úr tveimur árum í fjögur ár. Sambærilegt ákvæði um lögveðsrétt var samþykkt í framhaldi af hrúni fjármálafyrirtækja árin 2008-2010. Einnig er lagt til að veita sveitarfélögum rýmri heimildir til að lækka eða fella niður dráttarvaxtakröfur á fasteignaskattskröfum en nokkur sveitarfélög hafa kallað eftir auknum heimildum til að koma til móts við gjaldendur fasteignaskatta er lent hafa í tekjufalli vegna kórónuveirufaraldursins. Til að virkja heimild til lækkunar og/eða niðurfellingar dráttarvaxta þurfa sveitarfélög að setja sér reglur þar sem tryggt er að jafnræðis sé gætt við beitingu ákvæðisins. Nánar er fjallað um um þau atriði er æskilegt er að tekin sé afstaða til í greinargerð og kemur skýrt fram að sveitarfélög hafa mikið svigrúm þegar kemur að því að setja umræddar reglur. Heimildin er þó eingöngu bundin við lækkun eða niðurfellingu dráttarvaxta og er því óheimilt að lækka eða fella niður fasteignagjöld nema í samræmi við aðra lagaheimildir til lækkunar eða niðurfellingar fasteignagjalda.

Ákvæði vegna neyðarástands


Með lögum nr. 18/2020 var samþykkt bráðabirgðaákvæði VI við sveitarstjórnarlög þar sem sveitarstjórnarráðherra var veitt heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga er varða stjórn sveitarfélags ef neyðarástand skapast. Umrætt bráðabirgðaákvæði féll úr gildi 31. desember sl. en núverandi ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins um að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga rennur út 31. mars n.k. Nú er lagt til að lögfesta sambærilegt ákvæði með þeim breytingum að betur er skilgreint hvaða ákvæði megi víkja frá. Um er að ræða nauðsynlega lagabreytingu, ekki eingöngu vegna kórónuveirufaraldursins, heldur vegna neyðarástands er skapast getur t.d. vegna náttúruhamfara. Mikilvægt er að umrædd lagabreyting verði samþykkt áður en núverandi ákvörðun ráðherra um að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga rennur út 31. mars n.k. en mjög óheppilegt er ef ekki verður hægt að funda áfram í fjarfundaformi meðan kórónuveiran takmarkar samveru fólks svo dæmi séu nefnd.

Að lokum

Frumvarpið var samið í góðri samvinnu ráðuneytisins, sambandsins og Lánasjóðsins og er um mikilvægar lagabreytingar að ræða er gera sveitarfélögum kleift að halda úti nauðsynlegri þjónustu við íbúa sína og styðja við gjaldendur fasteignagjalda er hafa lent í tekjufalli vegna kórónuveirunnar. Hvatt er til þess að frumvarpið fari sem fyrst fyrir Alþingi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri